



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent á netfangið: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 29. mars 2022

Efni: Umsögn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um 450. mál.

Vísað er til tölvupósts nefndarsviðs Alþingis, dags. 25. mars sl., þar sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hér eftir HMS) er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur), 450. mál.

Í frumvarpinu sem nú er til umfjöllunar eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna sem snýr að því að óheimilt sé að flytja inn, framleiða og selja nikótínvörur og rafrettur sem innihalda bragðefni sem kunna að höfða til barna, svo sem nammi- og ávaxtabragð. Ekki er að sjá vandkvæði varðandi eftirlit náí þessi breyting fram að ganga en að mati HMS er nauðsynlegt að enginn vafi leiki á því hvaða bragðtegundir eða bragðefni eigi að vera óheimilar.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á 16. gr. laganna þar sem lagt er til að sérstakt leyfi HMS þurfi annars vegar til að selja nikótín og rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur í smásölu og hins vegar til reksturs sérverslunar með nikótínvörur og rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Er því um nýmæli að ræða þar sem í núgildandi lögum er sérstaks leyfis ekki krafist. Slíkt leyfi myndi auðvelda eftirlit til muna og þá sérstaklega þegar kemur að sýnileika varanna og að þær séu ekki seldar börnum.

Í frumvarpinu er loks fjallað um mat á áhrifum þess en tekið er fram að óverulegur kostnaður gæti komið til hjá HMS vegna nýrra verkefna við eftirlit. HMS reiknar með því að auka þurfi framlög sem nemur stöðugildi sérfræðings úr 0,75 í 1.

Virðingarfyllst,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Skarphéðinn Grétarsson, sérfræðingur

Ragnhildur Sif Hafstein, lögfræðingur